

Nd.

19. Frumvarp til laga

[19. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botn-
vörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Sigurður Guðnason, Einar Olgeirsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í grein þessari skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sósíalistaflokkurinn flytur nú frumvarp þetta í niunda sinn. Rökin fyrir því hafa oft verið sett fram og skulu nú sett fram einu sinni enn:

Alþingi Íslendinga mun ásátt um, að líf þessarar þjóðar byggist öðru fremur á starfi því, sem sjómenn hennar inna af höndum, og þess vegna fari vel á því, að hún haldi einn dag vor hvert háttíðlegan til að votta mönnum þessum virðingu sína og þökk. Á sama hátt og aðrar þjóðir hafa sérstakan dag til að heiðra hermenn sína, hafa Íslendingar sérstakan dag til að heiðra sjómenn sína.

Sjómannadagurinn hefur verið haldinn háttíðlegur síðustu 15 árin með skruðgöngu og ræðuhöldum. Og Alþingi Íslendinga hefur alltaf átt fulltrúa meðal hinna atkvæðamestu ræðumanna dagsins. Fulltrúar þess hafa yfirleitt lagt áherzlu á, að Alþingi kunni vel að meta afrek sjómanna í þágu fósturjarðarinnar, og staðið fyrir miklum hurrahrópum. Í 15 ár hefur Alþingi sem sagt látið ótvírætt á sér skilja fyrsta sunnudag í júní og stundum oftár, að það telji sig og landsmenn alla eiga sjómönnum allt gott að þakka, enda vinni þeir þjóðingarmestu störf þjóðfélagsins og séu hetjur hafsins. Og næstum jafnlengi hefur meiri hluti Alþingis barizt markvist gegn því, að mönnum þessum veittist lagalegur réttur til mannsæmandi hvíldar. Þessi stofnun, sem aldrei telur eftir sér að hurra fyrir sjómönnum, hefur nú í rúman áratug þrjúkzakt við að samþykkja frumvarp til afnáms því hróplega ranglæti, að hásetar á togurum hafa með lögum verið skyldugir til að þræla 16 klukkustundir á sólarhring. Mætti ætla, að ekki væri lítið unnið og ekki lítið vakað innan þeirrar stofnunar, sem þannig þykist sóma síns vegna mega haga sér.

Frv. þetta til lögfestingar 12 klst. lágmarkshvíldar háseta á togurum var fyrst flutt á sumarþinginu 1942. Flutningsmaður þess var einn af þingmönnum Sósíalistaflokksins, þáv. 2. landsk. þm., Ísleifur Högnason. Sjávarútvegsnefnd Nd. fékk frumvarið til meðferðar. Ef til vill hefur nefndinni ekki fundizt það ómaksins

vert að sinna þessari kröfu um, að helztu fyrirvinnur þjóðfélagsins fengju tíma til að hvíla sig eitthvað í líkingu við það, sem tíðkast um aðrar mannlegar verur á Íslandi, — svo mikið er víst, að nefndinni láðist að afgreiða frumvarpið og það dagaði uppi á þinginu.

Næst var frv. flutt á þinginu 1946 af tveim þingmönnum Sósíalístaflokksins, Hermanni Guðmundssyni og Sigurði Guðnasyni. Aftur fékk sjávarútvegsnefnd það til meðferðar, og að þessu sinni veitti hún sér tíma til að hafa skoðanir á því, enda gekk fulltrúi sósíalista í nefndinni mjög hart eftir því, að hún afgreiddi frumvarpið. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Sigurður Kristjánsson og Pétur Ottesen, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, og Skúli Guðmundsson, fulltrúi Framsóknarflokksins, lýsti sig andvígán málinu og lagði til, að frv. yrði fellt. Fulltrúi Alþýðuflokksins, Finnur Jónsson, lýsti yfir því, að hann væri ekki við því búinn að taka afstöðu til málsins. Fulltrúi Sósíalístaflokksins, Áki Jakobsson, var einn nefndarmanna til að styðja frumvarpið og lagði til, að það yrði samþykkt. Hins vegar láðist deildinni að afgreiða frumvarpið. Það dagaði enn uppi á þessu þingi.

Sömu þingmenn fluttu frv. í þriðja sinn á þinginu 1947. Á meðan var hafin hörð barátta í málinu utan þings. Um 400 starfandi sjómenn sendu Alþingi áskorun um að samþykkja frumvarpið, og sams konar áskorun hafði verið samþykkt á þingi Alþýðusambands Íslands 1946, enda hörfa nú andstæðingar málsins á Alþingi til nýrra varnarstöðva í baráttunni gegn því. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar í sjávarútvegsnefnd lögðu að þessu sinni til, að frumvarpinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar gegn loforði hennar um að athuga málið sjálf eða skipa nefnd til að athuga það. Og fulltrúi Alþýðuflokksins hljóp í bát með þessum mönnum, sem áður höfðu umsvifalaust viljað láta fella frumvarpið; lýsti sig fylgjandi afstöðu þeirra. Enn var aðeins einn nefndamanna fylgjandi samþykkt frumvarpsins, fulltrúi Sósíalístaflokksins.

Málinu var vísað til ríkisstjórnarinnar í marzmánuði 1948, en þremur mánuðum síðar skipaði þáv. forsætis- og félagsmálaráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, 6 manna nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um hvíldartíma háseta á togurum. Tveir nefndarmanna voru skipaðir án tilnefningar, tveir voru tilnefndir af samtökum sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði, tveir af togaræigendum.

Það fór eins og þingmenn sósíalista höfðu varað við, störf nefndarinnar urðu til einskis annars en tefja framgang þessa réttlætismáls. Í rúmt ár var nefndin að velta því fyrir sér, hvort mönnum þeim, sem fyrsta sunnudag í júní eru nefndir hetjur hafsins og þýðingarmestu starfsmenn þjóðfélagsins, skyldi lögum samkvæmt leyfast að hvíla sig lengur en 8 klst. á sólarhring. Og nefndin kom í þremur hlutum frá þessari löngu athugun. Fulltrúar sjómanna lögðu að sjálfsögðu til, að lögboðin yrði 12 klst. hvíld á togurum. Fulltúar útgerðarmanna lögðu til, að frv. um slíka lögfestingu yrði fellt, samkvæmt þeirri gamalkunnu röksemd, að heilsusamlegur svefn sjómanna hljóti að orsaka stöðugar andvökur útgerðarmanna vegna versnandi afkomu skipanna og fljótlega ná hámarki í algeru efnahagshruni þjóðfélagsins. Stjórnskipuðu fulltrúarnir létu ekki uppi neinar skoðanir á málinu, enda töldu þeir sig einungis hafa átt að leitast fyrir um sættir milli þessara tveggja stétta, en ekki að móta afstöðu nefndarinnar; sáttatilaunir þeirra hefðu hins vegar engan árangur borið.

Vegna hinnar seinfengnu niðurstöðu nefndarinnar tafðist framgangur málsins hátt á annað ár, en eftir að hún hafði lokið störfum haustið 1949, var frumvarpið enn flutt snemma á næsta þingi. Meiri hluti sjávarútvegsnefndar lagði þá til, að málið yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá, þess efnis, að eðlilegast væri, að sjómenn semdu sjálfir við útgerðarmenn um kjör sína, — og samþykkti deildin þessa afgreiðslu.

Þannig var málinu varpað úr höndum Alþingis og gert að deilumáli sjómanna og útgerðarmanna, og var afleiðinganna skammt að biða. Togaraflotinn var stöðvaður og lá bundinn við bryggju vikum saman, og þjóðin beið af þessu tjón, sem

nam um 70 milljónum króna í erlendum gjaldeyri. En sjómenn komu úr átökum þessum með rétt sinn að nokkru heimtan; samningar þeirra fólu nú í sér ákvæði um 12 klst. lágmarkshvöld á saltfiskveiðum.

En gömlu vökulögin giltu eftir sem áður varðandi ísfiskveiðar, og baráttunni fyrir málinu var haldið áfram á Alþingi. Í fimmta sinn fluttu sósíalistar frumvarp þetta á þinginu 1950 og í sjötta sinn á þinginu 1951, alltaf gegn sömu andstöðu meiri hlutans. Jafnframt héldu sjómenn sjálfir áfram sinni baráttu. Og útgerðarmenn héldu áfram að þrjúzkast við. Áður en þeir létu sig, varð þjóðfélagið að þola nýtt áfall langrar og kostnaðarsamrar togarastöðvunar. En í þeirri deilu vinna sjómenn loks fullan sigur; 12 klst. lágmarkshvöld háseta er tryggð á öllum veiðum togaranna. Sjómenn tryggðu sér þennan rétt þrátt fyrir hina fjandsamlegu afstöðu Alþingis. Það hafði alltaf verið á valdi Alþingis að veita þeim hann og firra þannig þjóðfélagið vandræðum tveggja langvarandi togarastöðvana. Alþingi ber þannig höfuð-ábyrgð á því milljónatjóni, sem þessar togarastöðvanir ollu.

Tólf klst. lágmarkshvöld togaraháseta á öllum veiðum er að vísu tryggð í samningum, sem stendur. En fyrir því er engin trygging, að ekki verði reynt að ná þessum sjálfsagða rétti af sjómönnum aftur og málið þannig enn á ný gert að hörðu og kostnaðarsömu deilumáli. Hins vegar er það á valdi Alþingis að veita slíka tryggingu. Sósíalistaflokkurinn gerði tilraun til þess að fá Alþingi til þess að veita slíka tryggingu og flutti því frv. þetta í sjöunda sinn á Alþingi 1952 og í áttunda sinn á Alþingi 1953. En allt fór á sömu leið og fyrr. Nú er frv. þetta flutt í niunda sinn af Sósíalistaflokknum. Alþingi hefur enn tækifæri til að bæta að nokkru fyrir misgerðir sínar og fyrirbyggja, að tjón það, sem af þeim hlauzt, endurtaki sig. Þetta getur það gert með því einfaldlega að samþykkja nú loks frumvarpið og festa þannig í lög Íslands ákvæði um, að hetjur hafsins skuli hafa rétt til mannsæmandi hvíldar, engu síður en aðrir þegnar þjóðfélagsins.